

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1982

---

---

Nr. 2.

2

2. febrúar 1982.

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tollur á vörum í neðangreindum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna lækki úr 80% í 40%.  
84.15.10, 84.15.20, 84.15.41, 84.18.21, 84.18.31, 84.19.10, 84.19.31, 84.40.10,  
84.40.21, 84.40.50, 84.40.61, 84.40.71, 85.06.11, 85.06.20, 85.06.31, 85.06.50, 85.12.49  
og 85.12.56.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*